

## Gróðurathugun á mögulegum sorpförgunarstöðum á Vopnafirði og Bakkafirði

Guðrún Á. Jónsdóttir

### Inngangur

Að beiðni verkfræðistofunnar Hönnunar og ráðgjafar og jarðfræðistofunnar Stapa var farin skoðunarferð á Vopnafjörð þann 6. september 1998. Skoðaðir voru staðir sem til greina koma til sorpförgunar fyrir Vopnafjörð og e.t.v. nágretta byggðir. Einkum var markmiðið að skoða mögulegan urðunarstað í landi Hámundarstaða. Með í för voru Ómar Bjarki Smáráson og Bjarni Kristjánsson frá jarðfræðistofunni Stapa og Einar Þórarinnsson eftirlitsráðgjafi Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi. Veður var fremur óhagstætt, lélegt skyggni, rigning og talsverður vindur auk þess sem nokkuð var orðið liðið á haust og gróður því ekki í ákjósanlegasta ástandi.

Mögulegir sorpurðunarstaðir við Hámundarstaði og Hámundarstaðavík voru skoðaðar í þessari ferð. Einnig var farið á stað í Bakkafirði, nálægt gömlu eyðibýi sem heitir Grísakot. Haustið 1996 voru svæði við Ytri Nýp, Ljósaland og Purkugerði skoðuð vegna sama tilefnis og því var aðeins horft yfir þá staði í þessari ferð án þess að gera úttekt á þeim. Varðandi lýsingu á gróðri við þessa síðarnefndu staði er vísað í skýrsluna "Greinargerð um gróðurathugun á svæðum sem til greina koma sem sorpurðunarstaður fyrir Vopnafjarðarsvæðið" (Náttúrustofa Austurlands, Guðrún Á. Jónsdóttir 1996, greinargerð).

Hér á eftir verður fjallað gróður við Hámundarstaði og Hámundarstaðavík. Gerð verður grein fyrir helstu gróðurlendum og tegundum. Einnig fylgir með listi yfir þær tegundir sem skráðar voru en ekki er þó um tæmandi úttekt á tegundasamsetningu að ræða. Ekki var gerð gróðurskoðun við Grísakot heldur einungis litið eftir almennum staðháttum og helstu einkennum gróðurs á því svæði.

### Hámundarstaðir

Fyrirhugaður urðunarstaður er neðan við bæinn á Hámundarstöðum og nokkru utar, eða milli Hámundarstaða og Fuglabjarganess. Svæðið sem til skoðunar var liggur í framræstum mómýrum. Það eru nokkrar spildur lands sem liggja hlið við hlið, afmarkaðar af framræsluskurðum sem liggja næstum samsíða ströndinni. Þessar framræstu spildur virðast blautari eftir því sem utar dregur (í átt að Fuglabjarganesi). Utan við þessar framræstu spildur, nær Fuglabjarganesi er óraskað, nokkuð stórt votlendi. Ræma óraskaðs eða lítt raskaðs lands er næst sjó neðan við framræstu spildurnar. Á ströndinni neðan við skiptast á vikur með malarfjörum og lágir klettur.

### Lýsing gróðurs

Neðan við framræstu spildurnar er dálítill kantur af röku graslendi með ýmsum grastegundum, hærnum og blómjurtum. Neðst við sjóinn er þurrara og sneggra graslendi, grasmói með tegundum eins og blávingli, þursaskeggi, geldingahnapp og kattartungu.

Neðsta spildan af hinum framræstu hefur eitthvað verið plægð og sléttuð og sennilega sáð í hana túngrös um innan við girðingu, sem liggur þvert á skurðstefnu og skiptir henni í tvennt. Á því svæði er gras áberandi, einkum er mikið af snarrótarpunti en einnig ýmsum öðrum grastegundum. Þarna er talsvert bitið og traðkað. Utan girðingarinnar er hins vegar framræst mýri sem ekki hefur verið unnin og sama gildir um efri spildurnar. Þótt mýrin sé framræst er hún á köflum dálítið blaut einkum er utar dregur og mýrargróður víða áberandi t.d. klófífa og starir, en á milli eru grös og hærur ríkjandi. Vinglar, língresi og hálmgresi eru algengar grastegundir. Klófífa er víða áberandi í dældum en grös á þúfum. Af starategundum eru mýrastör/ stinnastör, belgjastör og hárleggjastör algengar innan til á svæðinu en yst þar sem blautara er eru tegundir eins og hengistör og vetrarkvíðastör algengar. Bláberjalyng vex á köflum í þessari framræstu mýri. Skurðir eru talsvert grónir og þar má finna tegundir eins og klófífu, hálmgresi og horblöðku.

Után við framræsta svæðið tekur við allstór mýri sem nær út að Fuglabjarganesi. Þar skiptast á nokkuð slétt mýrasund með mýrastör, hengistör og vetrarkvíðastör, tjarnastarabreiður og þýfðari fjalldrapa- og bláberjalyngsmýrar.

#### *Ályktun*

Þegar vettvangsathugun fór fram var miðað við að urðunarstaður yrði í neðstu spildum hins framræsta lands. Gróðurlendi sem raskað yrði ef til urðunar kæmi hafa öll orðið fyrir áhrifum af framræslu. Gróður er þó gróskumikill og landið algróið og sennilega ágætt beutiland. Ekki fundust sérstæð gróðurlendi eða sjaldgæfar tegundir (1. tafla).

Votlendið milli Fuglabjarganes og hins framræsta svæðis er hins vegar óraskað og því veðmætt eins og öll ósnortin votlendi þar sem framræsla hefur skert votlendi verulega á síðustu áratugum. Ekki hefur verið gerð formlega grein fyrir hvort þetta óraskaða votlendi yrði fyrir beinum áhrifum af sorpurðun í ytri hluta hins framræsta svæðis. Þó slíkt yrði e.t.v ekki, gætu orðið óbein áhrif á fuglalíf svo sem vegna umferðar og hávaða. Útivistargildi svæðisins gæti einnig rýrnað.

#### **Hámundarstaðavík**

Þegar vettvangsathugun fór fram var ekki búið að móta ákveðna tillögu um urðun sorps á þessum stað. Þarna var skoðaður malarhjalli upp af Hámundarstaðavík innan við Bæinn á Hámundarstöðum, sem hugsanlega kæmi til greina til urðunar. Gróðurskoðunin miðaðist því við að gefa hugmynd um gróðurfar á svæðinu fremur en að vera tæmandi gróðurfarsúttekt á fyrirhuguðum urðunarstað.

#### *Lýsing gróðurs*

Uppi á brún hjallans er gróðurlítill melur en mosapembuflákar og talsverður melagróður er komið er lengra frá brúninni. Þar eru algengar berangursplöntur svo sem vinglar, língresi, móasef, hotasóley og blóðberg, auk mosa. Ofar taka við lyngmóar og graslendi. Neðan í hjallanum sem er allþykkur eru gras- og lyngmóa brekkur með dálitlu ívafi af sjódældagróðri. Þar eru áberandi tegundir eins og ilmreyr, língresi og þursaskegg í grasmóunum, en krækiberja- og bláberjalyng í lyngmóum. Í snjóðældum eru m.a. finnungur, grasvíðir og fjallasmári.

Neðan við brekkurnar er mjó ræma af flatlendi og lítið lón er innan við sjávarkambinn. Þarna er votlendi og graslendi. Í votlendinu má finna tegundir eins og gulstör, skriðstör, vatnsnál, klófífu og hálmgresi. Lækur rennur í lónið og kemur úr gili eða kvos sem gengur upp í melinn og greinist í minni gildrög. Gilin eru vel gróin og eru votlendisblettir við lækinn þar sem finna má tegundir eins og gulstör, hengistör, hálmgresi og hrossanál. Gras- og lyngmóar eru í brekkum og sitt hvoru megin í gilinu og í gildrögum ofar.

#### *Ályktun*

Ofan á melhjallanum er gróður slitróttur og einkennist af berangursgróðri. Þar er ekki um að ræða sérstök gróðurfarsleg verðmæti. Í kvos við læk og neðan við hjallann er gróður ríkulegri og þar eru votlendisblettir, lyngmóar og snjóðældir. Ekki er ljóst hver áhrif sorpurðunar yrðu á þennan gróður en hugsanlega yrði afrennsli frá urðunarstað í þennan læk. Þótt lónið og votlendið í næsta nágrenni sé ekki stórt ætti að rannsaka það nánar ef framkvæmdir verða fyrirhugaðar á þessum stað og taldar hafa áhrif á lífríkið þar. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir á svæðinu (2. tafla).

#### **Grísakot**

Svæðið er í grunnum dal sem gengur suður frá Bakka. Nokkuð gotlent er víðast á svæðinu og gróska töluverð. Þar eru bæði hrísmýrar (með fjalldrapa og bláberjalyngi) og blautari mýrar með ýmsum tegundum stara. Þurrari öldur eða hjallar eru einnig á svæðinu. Þetta svæði virðist óraskað að mestu og þyrfti að gera á því gróðurfarsúttekt ef það verður talið koma til greina sem urðunarstaður fyrir sorp.

#### Heimildir

Hörður Kristinsson 1998. Íslenska plöntuhandbókin. Mál og menning, Reykjavík.

**1. tafla.** Tegundir við Hámundarstaði. Nafngiftir tegunda skv. Herði Kristinssyni (1998)

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Axhæra	<i>Lulla spikata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Bláberjalýng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupuntur	<i>Deshampsia flexuosa</i>
Eski	<i>Equisetum hiemale</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallastör	<i>Carex norvegica</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýranál	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>
Sérbylisstör	<i>Carex dioica</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>

Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum</i> spp.
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>

**2. tafla.** Tegundir við Hámundarstaðavík. Nafngiftir tegunda skv. Herði Kristinssyni (1998).

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Grænvöndur	<i>Gentianella amarella</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Língresi	<i>Agrostis spp.</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Mariústakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>

Rjúpastör	<i>Carex lachenalii</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skriðstör	<i>Carex makenziei</i>
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Týsfjóla	<i>Viola canina</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vatnsnál	<i>Eleocharis palustris</i>
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>
Vinglar	<i>Festuca</i> spp.
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>